

## AUGLÝSING

### um nýtt deiliskipulag í Strandabyggð.

Sveitarstjórn Strandabyggðar samþykkti á fundi sínum 31. maí 2016 eftirfarandi deiliskipulag í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010:

*Deiliskipulag fyrir hluta jarðarinnar Nauteyri.*

Deiliskipulagið er í samræmi við aðalskipulag Strandabyggðar 2010-2022. Skipulagssvæðið er skilgreint sem 6,7 ha iðnaðarsvæði I3, vatnsverndarsvæði, landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði.

Skipulagssvæðið er rúmir 200 ha að stærð en þar er m.a. starfrækt fiskeldi. Innan svæðisins eru einnig borholur fyrir heitt vatn svo og dælur og brunnhús fyrir kalt vatn við Hafnardalsá sem nýtt er til fiskeldisins. Að auki eru sumarhús og safnið Steinshús innan skipulagssvæðisins.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Hólmanvík, 8. júlí 2016.*

**Gísli Gunnlaugsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.